



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 140/1268
komudagur 29.2.2012

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. febrúar 2012.
Tilvísun: 201202-0018

Tillaga til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA), 373 mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar framangreind tillaga til þingsályktunar.

Hér er til umfjöllunar samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar stuðning við umsóknarríki ESB (IPA).

Fyrir liggur að fjölmörg mikilvæg verkefni hafa þegar verið samþykkt á grundvelli IPA. Hér viljum við sérstaklega nefna menntaverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur forræði á og ber heitið „Creation of a recognition system of non-formal and informal learning on upper secondary level“. Verkefnið er sérstaklega ætlað að styrkja stöðu þess hóps á vinnumarkaði sem hefur ekki lokið námi frá framhaldsskóla, með fjölbættum úrræðum.

Að framangreindu teljum við að rétt sé og eðlilegt að samþykkja þann samning sem hér er til umfjöllunar. Fyrir liggur að óháð því hvort Ísland verður aðili að Evrópusambandinu eða ekki mun sitja eftir sú mikilvæga reynsla, þekking og þær afurðir sem samningurinn mun gefa af sér.

Alþýðusamband Íslands leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ